

**Tilkynning til embættis sérstaks saksóknara vegna gruns um meiriháttar brot á 55. gr. bágildandi laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti, sbr. 13. gr. breytingarlaga nr. 31/2005 og 117. gr. núgildandi laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, og möguleg brot almennum hegningarlögum nr. 19/1940.**

Fjármálaeftirlitið kærði þann 5. nóvember 2009, sbr. 1. gr. laga nr. 135/2008, um embætti sérstaks saksóknara, til embættis sérstaks saksóknara fjármálafyrirtæki og nokkra starfsmenn þess vegna gruns um markaðsmisnotkun í tengslum við víðskipti með hlutabréf útgefin af fjármálafyrirtækinu sjálfu. Þá vísaði Fjármálaeftirlitið rannsókn á óeðlilegum lánveitingum fjármálafyrirtækisins til víðskiptamanna til hlutabréfakaupa í fjármálafyrirtækinu á tíma þegar aðgengi að lánsfjármörkuðum var takmarkað. Fjármálaeftirlitið telur að umrædd lánveiting geti talist refsiverð háttsemi í skilningi almennra hegningarlaga.

117. gr. laga nr. 108/2007 fjallar um markaðsmisnotkun en með henni er m.a. átt við að:

1. eiga víðskipti eða gera tilboð sem:
  - a. gefa eða eru líkleg til að gefa framboð, eftirspurn eða verð fjármálagerninga ranglega eða misvísandi til kynna, eða
  - b. tryggja óeðlilegt verð eða búa til verð á einum eða fleirum fjármálagerningum, nema aðilinn sem átti víðskiptin eða gaf fyrirmæli um þau geti sýnt fram á að ástæður að baki þeim séu lögmætar og að víðskiptin eða fyrirmælin hafi verið í samræmi við viðurkennda markaðsframkvæmd á viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði,
2. eiga víðskipti eða gera tilboð sem byggð eru á tilbúningi eða þar sem notuð eru einhver form blekkingar eða sýndarmennsku.

Þá er í sömu grein kveðið á um að fjármálafyrirtæki sé óheimilt að hafa milligöngu um verðbréfavíðskipti hafi starfsmenn þess vitneskju eða grun um að víðskiptin brjóti í bága við 1. mgr. greinarinnar og að hafi starfsmaður fjármálafyrirtækisins grun um brot gegn ákvæðum greinarinnar beri að tilkynna það yfirmanni eða regluverði og að tilkynna beri slíkan grun til Fjármálaeftirlitsins.

Með vísan til nefndra lagaákvæða og atvika málsins ákvað Fjármálaeftirlitið að vísa bæri málinu til sérstaks saksóknara.